

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 271/2015**

2017/EES/38/39

frá 30. október 2015

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og  
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/516 frá 26. mars 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu <sup>(1)</sup>.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 5a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004) í XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32015 R 0516:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/516 frá 26. mars 2015 (Stjtið. ESB L 82, 27.3.2015, bls. 14).“

2. Texti aðlögunarliðarins falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/516, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Oda Sletnes**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 82, 27.3.2015, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.